

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflug.

Frá Berglindi Hörpu Svavarsdóttur.

- Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á sjúkraflugi í kjölfar nýlegs útboðs á starfsemi?
- Hvernig hyggst ráðherra tryggja að áfram verði tvær sjúkraflugvélar til taks alla daga ársins?
- Á hverju byggist sú regla sem stuðst er við í framkvæmd að gefa sjúkrastofnunum á landsbyggðinni 36 klukkustunda svigrúm fyrir sjúkling sem lagður er með bráðainnlögn á sjúkrahús til meðhöndlunar, athugunar og rannsókna áður en nauðsynlegt sjúkraflug með sjúklinginn flokkast sem flutningur á milli sjúkrahúsa?
- Stendur til að endurskoða þann 36 klukkustunda tímaramma sem stuðst er við í framkvæmd og stýrir því hvort Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi sjúkrastofnun ber kostnað af sjúkraflutningum?
- Hefur verið tekið til skoðunar hvort vaxandi tíðni sjúkraflugferða mætti rekja til umræddrar 36 klukkustunda reglu og um leið aukið álag á Landspítala vegna tilvika sem annars væri hægt að sinna á landsbyggðinni?
- Hver eru hámarksþyngdarmörk sjúklinga í sjúkraflugi?
- Hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að tryggja að allir íbúar óháð þyngd þeirra komist í sjúkraflug sem þarfnast sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu?

Skriflegt svar óskast.